

57. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn þriðjudaginn 29. janúar 2008 kl.12 -13 að Borgartúni 3.

Mættar: Hildur Gestsdóttir, Helga Tulínus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson og Ragna Karlsdóttir.

Staða peningamála

Bjarni er búinn að senda kr. 306.000,- til Rosette til þess að greiða húsaleigukostnað CLF fyrir árið 2008. Rosette sendi okkur þakkarbréf í kjölfarið. Hún er einnig búin að fá styrk frá ICEIDA í Kampala til þess að halda ýmis námskeið fyrir ungar stúlkur eins og tölvu-, hárgreiðslu og saumanámskeið. Zonta á Íslandi ætlar líka að styrka CLF með kr. 130.000,- til barnagæslunnar. Kertasala CLF gengur upp í rekstrarkostnaðinn sem hlýst af kertagerðinni. Rosette er búin að sækja um litla styrki hér og hvar. Stjórn Alnæmisbarna greiðir með félagsgjöldum sínum skólagjöld stúlnanna um kr. 50.000,- á mánuði. Viljum kanna hvernig CLF hyggst greiða laun starfsmannanna sem eru tæp ein milljón ísl. kr. á ári. Einnig þurfum við að vita hver staðan er með byggingu nýs húss undir starfseminna. Rætt um það hvort ekki væri ráð að CLF gerði þriggja ára fjárhagsáætlun til að gera peningamálin gegnsærri.

Aðalfundur Alnæmisbarna

Ákveðið að aðalfundur verði haldinn 3. apríl. Spurning hvort ekki henti best að hafa hann í sal ISOR þar sem sá salur sem þar kemur til greina sé hæfilega stór og miðsvæðis fyrir félagsmenn. Þurfum að taka ákvörðun um það hvers konar mat við ætlum að bjóða upp á og ræða fyrirkomulag hans nánar.

Ferð til Úganda

Bent á mikilvægi þess að bíða ekki of lengi með að fara í heimsókn til CLF í Úganda. Veltur það svolítið á því hvenær Gestur fer út. Lítur út fyrir að það verði þjár úr stjórn Alnæmisbarna sem fara með honum eða þær María, Sigurlaug og Ingibjörg. Stefnt að því að Gestur verði með okkur á næsta fundi til að ræða þessi sem og önnur mál er varða CLF. Áframhaldandi söfnun fyrir dagheimilið í N - Úganda

Dagheimilið í N - Úganda kostar kr. 2.8 milljónir ísl. króna með öllu innbúi þannig að enn vantar kr. 1.3 milljónir upp á fjármögnun þess. Ýmsar fjáröflunarleiðir voru ræddar í því sambandi. Ætlum að kanna nánar ferð í Kolaportið þar sem félagsmönnum stæði til boða að selja dót úr geymslum og kerti sem við eigum enn á lager að andvirði ca kr. 200.000,-. Áður en við tímasetjum Kolaportsferðina ætlar Hildur að tala við Halldóru Karlsdóttur í kertahópnum um mögulegt skipulag slíkrar ferðar. Önnur mál

Ákveðið að halda nýjan fund miðvikudaginn 13. febrúar kl. 12 . Sigurlaug ætlar að kanna hvort fundarsalur LSH í Fossvogi sé á lausu á þessum tíma.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar